



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Almenn viðmið og aðferðafræði
vegna könnunar- og matsferlis hjá
fjármálafyrirtækjum

Útgáfa 1.0

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Könnunar- og matsferlið.....	4
2.1	Almennt.....	4
2.2	Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi	4
2.3	Vöktun lykiláhættumælikvarða.....	5
2.4	Mat á áhættupáttum	5
2.4.1	Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna)	6
2.4.2	Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti	6
2.4.3	Mat á áhættupáttum sem hafa áhrif á eigið fé	7
2.4.4	Mat á áhættupáttum sem hafa áhrif á laust fé og fjármögnun	9
2.5	Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir.....	10
2.6	Áhættumatseinkunnir	10
3	Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárpörf.....	11
3.1	Stoð II-A: Mat á eiginfjárpörf.....	12
3.1.1	Almennt.....	12
3.1.2	Lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn.....	13
3.2	Stoð II-B: Eiginfjárviðmið á grundvelli framtíðaráhættu og álagsprófs.....	13
3.3	Eiginfjáraukar	14
3.4	Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár	14

1 Inngangur

Fjármálafyrirtæki ber að hafa yfir að ráða tryggju eftirlitskerfi með áhættu, sbr. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og meðhöndla áhættuþætti í starfseminni í samræmi við 78. gr. a – 78. gr. í sömu laga. Stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækisins skulu reglulega leggja mat á eiginfjárbörf þess með hliðsjón af þeirri áhættu sem felst í starfseminni, sbr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 51. gr. reglna nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja. Matið fer fram í svonefndu innramatsferli (e. internal capital adequacy assessment process, ICAAP), sem að jafnaði er gert árlega og skal fjármálafyrirtæki gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu þegar eftir því er óskað í svonefndri ICAAP-skýrslu.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækis í svonefndu könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation process, SREP), sbr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 52. gr. reglna nr. 215/2007 og viðauka XI við tilskipun 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, sbr. 55. gr. A reglnanna. Í ferlinu fer Fjármálaeftirlitið einnig yfir það með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndla áhættuþætti í starfsemi sinni, sbr. 79. gr. laga um fjármálafyrirtæki, meðal annars með hliðsjón af ICAAP-skýrslu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Ítarlegt SREP-ferli er framkvæmt árlega, á tveggja ára fresti eða þriggja ára fresti, allt eftir stærð og eðli fjármálafyrirtækisins. Áhættumat fyrir ákveðna lykilorði er þó ávallt framkvæmt árlega og rýni á lykilorðum fer fram a.m.k. ársfjórðungslega.

Tilgangur þessara viðmiða er að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins.¹ Aðferðafræðin byggir á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli frá desember 2014 og vinnur Fjármálaeftirlitið samkvæmt þeim viðmiðunarreglum frá ársbyrjun 2016 þegar þær tóku að fullu gildi innan Evrópusambandsins.²

Í kafla 2 er fjallað almennt um aðferðafræði könnunar- og matsferlisins, þar sem fram kemur hvernig fjármálafyrirtæki eru flokkuð eftir áhrifavægi og lýsing á vöktun lykilorðumælikvarða, mati á einstökum áhættuþáttum, heildaráhættumati, eftirlitsaðgerðum og áhættumatseinkunnum. Þá er í kafla 3 sérstaklega fjallað um mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár.

Til viðbótar við þessi viðmið og almennu aðferðafræði mun Fjármálaeftirlitið birta leiðbeinandi tilmæli, eða eftir atvikum leiðbeiningar og viðmið, um mat á einstökum áhættuþáttum. Birting á aðferðafræði og viðmiðum er í samræmi við stefnu Fjármálaeftirlitsins um gagnsæi í starfsemi stofnunarinnar, en ekki er gengið lengra en nauðsynlegt er svo sem með birtingu á lykilorðumælikvarðum, heildaráhættumatseinkun og breytum vegna flokkunar á áhrifavægi fjármálafyrirtækja. Að mati stofnunarinnar getur slík birting aukið líkur á

¹ Viðmiðin eru til viðbótar upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur birt skv. 116. gr. a laga um fjármálafyrirtæki: <http://www.fme.is/media/um-fme/ANNEX-III---31-July-2015---final.pdf>.


² Guidelines on common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process (SREP) (EBA/GL/2014/13): <http://www.eba.europa.eu/documents/10180/935249/EBA-GL-2014-13+%28Guidelines+on+SREP+methodologies+and+processes%29.pdf/4b842c7e-3294-4947-94cd-ad7f94405d66>

eftirlitshögnun (e. regulatory arbitrage) og í einhverjum tilvikum unnið gegn því huglæga mati (e. supervisory judgement) sem liggur að baki könnunar- og matsferli.

2 Könnunar- og matsferlið

2.1 Almenn

Könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins má skipta upp í nokkra meginþætti, eins og lýst er á mynd 1. Nánar er greint frá einstökum þáttum í köflum 2.2 – 2.6.



Mynd 1: Umgjörð könnunar- og matsferlisins (e. SREP framework)

2.2 Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi

Fjármálaeftirlitið beitir svonefndri hlutfallsreglu (e. principle of proportionality) í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum.³ Í þeim tilgangi hefur Fjármálaeftirlitið skipt eftirlitsskyldum aðilum upp í fjóra áhrifavægisflokka.

Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi byggir á reiknilíkani, en samkvæmt því fær hvert fjármálafyrirtæki vægi í samræmi við mælanlegar breytur sem Fjármálaeftirlitið hefur skilgreint. Gildi breytanna er fengið úr reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins, athugunum stofnunarinnar og öðrum upplýsingum sem stofnunin aflar.

Breytur líkansins endurspeglar fimm þætti sem liggja til grundvallar mati á áhrifavægi: *stærð, innbyrðis tengsl, staðkvæmd, flækjustig* og umfang *alþjóðlegrar starfsemi*.

³ Þ.e. höfð er hliðsjón af eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemi fjármálafyrirtækis er.

Tafla 1: Áhrifavægisflokkun fjármálafyrirtækja

Áhrifavægisflokkun	Lýsing
Hátt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem geta ógnað fjármálastöðugleika ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun.
Meðalhátt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem ógna ekki fjármálastöðugleika ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en geta þó haft töluverð áhrif á hagkerfið og stóran hluta viðskiptavina.
Meðallágt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem hafa að jafnaði lítil áhrif á fjármálakerfið ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en gætu haft áhrif á viðskiptavini.
Lágt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem hafa óveruleg áhrif á fjármálakerfið ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun og lítill hópur viðskiptavina yrði fyrir hugsanlegu tjóni.

Til að tryggja viðeigandi eftirlit með hverju og einu fjármálafyrirtæki hefur Fjármálaeftirlitið skilgreint grunneftirlitslíkan (e. minimum engagement model) þar sem tegundir eftirlitsverkefna og tíðni þeirra eru tilgreind fyrir hvern áhrifavægisflokk. Grunneftirlitslíkanið segir að jafnaði til um þau verkefni sem talið er að framkvæma þurfi til að viðhalda nauðsynlegri yfirsýn yfir alla áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækis. Þannig er mat á helstu áhættuþáttum tíðara hjá fjármálafyrirtækjum með hátt áhrifavægi. Jafnframt er gert ráð fyrir að eðli úttekta og umfang þeirrar vinnu sem lögð er til grundvallar í hverju verkefni ráðist af áhrifavægisflokki og þeirri starfsemi sem fjármálafyrirtækið stundar.

2.3 Vöktun lykiláhættumælikvarða

Fjármálaeftirlitið rýnir lykiláhættumælikvarða (e. key risk indicators) hjá fjármálafyrirtækjum a.m.k. ársfjórðungslega, ásamt því að fylgjast með þróun fjármálamarkaðarins í heild sinni. Vöktun lykiláhættumælikvarða byggir fyrst og fremst á reglubundnum gagnaskilum og getur gefið vísbindingar um þróun áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja á milli athugana og þá áhættuþætti sem kanna þarf nánar. Fjármálaeftirlitið endurmetur reglulega þá lykiláhættumælikvarða sem stofnunin styðst við. Lykiláhættumælikvarðar Fjármálaeftirlitsins byggja m.a. á áhættumælikvörðum sem EBA styðst við á hverjum tíma, en heildaryfirlit yfir þá er aðgengilegt á vefsíðu stofnunarinnar.⁴

2.4 Mat á áhættuþáttum

Fjármálaeftirlitið framkvæmir áhættumat fyrir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja. Matið er uppfært með tilliti til lykiláhættumælikvarða að jafnaði ársfjórðungslega, en oftar ef þörf krefur.

⁴ Umfjöllun um lykiláhættumælikvarða má finna hér: <http://www.eba.europa.eu/risk-analysis-and-data/risk-indicators-guide>, en heildaryfirlitið er hér: <http://www.eba.europa.eu/documents/10180/1380571/EBA+Methodological+Guide+-+Risk+Indicators+and+DRAT.pdf>.

Áhættumatið er meðal annars framkvæmt með athugunum og greiningum á gögnum sem geta varpað ljósi á áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og beinast að einstökum áhættupáttum hjá fleiri en einu fjármálafyrirtæki í senn eða einstökum fjármálafyrirtækjum. Við áhættumatið er meðal annars stuðst við gögn sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins með reglubundnum hætti, athuganir á afmörkuðum áhættupáttum (e. off-site inspections) og vettvangsathuganir (e. on-site inspections).

Mat á einstökum áhættupáttum byggir á undirliggjandi áhættu (e. inherent risk) og þeirri áhættustýringu (e. risk management and controls) sem er til staðar hjá fjármálafyrirtækinu. Áhættumatinu er þannig ætlað að meta undirliggjandi áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem hlutaðeigandi fyrirtæki hefur gripið til og ætlað er að draga úr áhættunni. Í tengslum við mat á einstökum áhættupáttum eru gefnar áhættumatseinkunnir, sbr. kafla 2.6.

2.4.1 Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna)

Við greiningu á viðskiptalíkani er lagt mat á þá þætti sem taldir eru ógna lífvænleika⁵ núverandi viðskiptalíkans og sjálfbærni⁶ viðskiptastefnu fjármálafyrirtækis. Viðskiptastefna fjármálafyrirtækis er greind og skoðuð með tilliti til áhættuvilja og rekstrarniðurstöðu þess undanfarin ár. Metið er hvort rekstrar- og efnahagslegar forsendur séu nægilega skýrar og raunhæfar.

Greiningin er unnin út frá viðskiptaáætlun, ICAAP-skýrslu fjármálafyrirtækis, reglubundnum gögnum sem berast til Fjármálaeftirlitsins og öðrum gögnum sem óskað er eftir. Þær upplýsingar eru síðan bornar saman við fyrri athuganir og viðskiptalíkon annarra fjármálafyrirtækja. Stuðst er meðal annars við handbók EBA fyrir eftirlitsstofnanir um mat á viðskiptalíkani. Staða fjármálafyrirtækis í viðskiptaumhverfinu er metin, helstu kennitölur greindar og lagt mat á eigindlega og megindlega (e. qualitative and quantitative) þætti viðskiptalíkansins sem og heildarstefnu fjármálafyrirtækisins.

2.4.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti

Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti felur í sér könnun á því hvort fjármálafyrirtæki fullnægi kröfum sem gerðar eru til góðra stjórnarhátta og innra eftirlits, og hvort til staðar sé viðeigandi heildstætt kerfi stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits með tilliti til áhættustigs, eðlis, umfangs og starfsemi fjármálafyrirtækis. Við mat á stjórnarháttum og innra eftirliti er horft til þess hvort stjórnarhættir og innra eftirlit skapi áhættu og hafi áhrif á lífvænleika fjármálafyrirtækis.

Matið tekur til stjórnarhátta og innra skipulags, fyrirtækja- og áhættumenningar, samsetningar og starfsemi stjórnar, kaupakakerfis og starfskjarastefnu fyrirtækisins, áhættustýringar, innra eftirlits, viðbúnaðaráætlunar og upplýsingatæknikerfa. Hér eru undanskildir þeir þættir áhættustýringar og innra eftirlits sem beinast að einstökum áhættupáttum. Matið er unnið úr

⁵ Lífvænleiki (e. viability) viðskiptalíkans er geta fjármálafyrirtækis til að mynda viðunandi ávöxtun næstu 12 mánuði.

⁶ Sjálfbærni (e. sustainability) viðskiptastefnu er geta fjármálafyrirtækis til að ná viðunandi ávöxtun til framtíðar í a.m.k. þrjú ár, byggt á stefnumótandi áætlunum og fjárhagsspám.

upplýsingum í ICAAP-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins og öðrum innsendum gögnum, viðtölum við stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, svo og vettvangsathugunum. Stuðst er meðal annars við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja sem byggja á viðmiðunarreglum EBA um sama efni.⁷

2.4.3 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á eigið fé

Áhættugreining fyrir mikilvægustu áhættuþætti í starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sem hafa áhrif á eigið fé er framkvæmd með kerfisbundnum hætti. Metin er undirliggjandi áhætta, gæði áhættustýringar og virkni eftirlitskerfis sem tengist hverjum áhættuþætti. Fyrir fjármálafyrirtæki eru eftirfarandi áhættuþættir metnir, meðal annars með hliðsjón af reiknaðri eiginfjárförf:

Útlána-, mótaðila og samþjöppunaráhætta

Fjármálafyrirtæki skal beita eigin aðferðafræði sem gerir því kleift að meta útlána- og mótaðilaáhættu af áhættuskuldbindingum einstakra lántakenda, verðbréfum, verðbréfuðum stöðum og útlánasafni í heild skv. 78. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Þá skal fjármálafyrirtæki einnig meta og stýra samþjöppunaráhættu sem verður til vegna sérhvers mótaðila fyrirtækisins innan sama geira hagkerfisins, á sama landsvæði eða í sömu atvinnugrein skv. 78. gr. c laga um fjármálafyrirtæki. Jafnframt skal fjármálafyrirtæki með skjalfestri stefnu og ferlum, meðhöndla og stýra þeirri áhættu sem verður eftir þegar viðurkenndar aðferðir þess við mildun útlánaáhættu reynast ekki jafnárangursríkar og vænst var, sbr. 78. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Útlánaáhætta er hættan á tapi af því að lántaki standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitanda, þ.e. greiði ekki lán sín í samræmi við umsamda skilmála. Með mótaðilaáhættu er átt við hættuna á tapi af því að mótaðili vegna afleiðuviðskipta, verðbréfalána eða endurhverfra verðbréfavíðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar í samræmi við umsamda skilmála. Samþjöppunaráhætta er hættan á tapi vegna ófullnægjandi dreifingar á lánasafni og skiptist í samþjöppun vegna lántaka (e. single name) og geira (e. sector and geographic).

Við mat á útlána- og mótaðilaáhættu fjármálafyrirtækis leggur Fjármálaeftirlitið einkum áherslu á undirliggjandi áhættu og áhættustýringu. Meðal þess sem er til skoðunar er:

- samsetning útlánasafnsins,
- vanskil og meðferð þeirra,
- niðurfærslur og aðferðafræði við hana,
- áhættumildun og áhættustýring.

Við mat á undirliggjandi samþjöppunaráhættu skoðar Fjármálaeftirlitið áhættu sem rekja má til fárra áhættuskuldbindinga eða áhættuskuldbindinga sem hegða sér á svipaðan hátt m.t.t. vanskila og stýringu fjármálafyrirtækis á henni. Felur matið í sér greiningu á hugsanlegri samfylgni áhættuskuldbindinga, sérstaklega á álagstíma. Við matið er sérstaklega tekin til

⁷ Leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti, nr. 1/2016 eru aðgengileg hér: <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/leidbeinandi-tilmaeli/nr/2566>.

skoðunar lántakasambjörppun, geirasambjörppun og sambjörppun starfsemi á Íslandi eða öðrum landssvæðum, sambjörppun í vöruframboði fjármálafyrirtækis og sambjörppun í tryggingum og ábyrgðum.

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja (LPA, COREP og FINREP skýrslur), sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna útlána-, mótaðila- og sambjörppunaráhættu. Fjármálaeftirlitið sækir einnig viðbótarupplýsingar, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

Markaðsáhætta

Fjármálafyrirtæki skal hafa skjalfesta stefnu og ferla til að greina, mæla og stýra öllum verulegum þáttum sem orsaka markaðsáhættu og áhrifum af henni skv. 78. gr. e laga um fjármálafyrirtæki. Markaðsáhætta er hættan á tapi af virði fjármálagerninga sem leiðir af óhagstæðum breytingum á undirliggjandi markaðspáttum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi markaðsáhættu fjármálafyrirtækja og stýringu hennar, bæði fyrir veltu- og fjárfestingabók. Þá metur Fjármálaeftirlitið eftirtalda undiráhættuþætti út frá eigin viðmiðum, sem byggja meðal annars á næmni- og VaR-greiningum í samræmi við viðmiðunarreglur EBA⁸:

- vaxtaáhætta (e. interest rate risk),
- hlutabréfaáhætta (e. equity risk),
- gjaldeyrisáhætta (e. FX risk) og
- verðtryggingaáhætta (e. inflation indexation risk).

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja (COREP og FINREP skýrslur), sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna markaðsáhættu. Fjármálaeftirlitið aflar einnig viðbótarupplýsinga, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

Fastvaxtaáhætta (IRRBB)

Fjármálafyrirtæki skal greina, meta og stýra áhættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á viðskipti þess utan veltubókar skv. 78. gr. f laga um fjármálafyrirtæki.

Fastvaxtaáhætta er hættan á rýrnun á núvirði hreinna vaxtaberandi eigna og skulda í fjárfestingarbók vegna óhagstæðra breytinga á markaðsvöxtum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á gæði stýringar fjármálafyrirtækis á fastvaxtaáhættu. Skoðuð eru áhrif þess að hliðra viðeigandi vaxtakúrfum samhverft upp og niður (ekki er leyfilegt að

⁸ Guidelines on stressed value at risk (Stressed VaR) (EBA/GL/2012/2): <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/104547/EBA-BS-2012-78--GL-on-Stressed-VaR-.pdf>

fara niður fyrir 0% vexti) út líftímann í samræmi við viðmiðunarreglur EBA.⁹ Áhrif þessara vaxtahlíðrana á núvirði vaxtaberandi eigna og skulda í hverri mynt eru grunnur að áhættumati Fjármálaeftirlitsins fyrir þennan áhættuþátt.

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir skýrslu um fastvaxtaáhættu, sem liggur til grundvallar mati stofnunarinnar.

Rekstraráhætta

Fjármálafyrirtæki skal hafa skjalfesta stefnu og ferla til að meta og stýra rekstraráhættu, þ.m.t. vegna áhættulíkana og fátíðra atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar skv. 78. gr. g laga um fjármálafyrirtæki. Rekstraráhætta er hættan af fjárhagslegu tjóni vegna óviðunandi innri ferla, kerfa og mistaka starfsmanna eða vegna utanaðkomandi atvika.

Undiráhættuþættir rekstraráhættu eru meðal annars:

- hlítningaráhætta (e. compliance risk),
- háttsemisáhætta (e. conduct risk),
- laga- og stjórn málaáhætta (e. legal and political risk),
- áhætta vegna upplýsingatæknikerfa (e. information technology risk), og
- orðsporsáhætta (e. reputational risk).

Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi rekstraráhættu, með áherslu á framangreinda undiráhættuþætti og áhættuþætti sem þykja sérstaklega áhættusamir á hverjum tíma, og stýringu fjármálafyrirtækis á henni.

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja (COREP og FINREP skýrslur), sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna rekstraráhættu. Fjármálaeftirlitið sækir einnig viðbótarupplýsingar, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

2.4.4 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á laust fé og fjármögnun

Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja, sbr. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki.¹⁰ Þá skal fjármálafyrirtæki hafa áætlanir, stefnu, skjalfesta verkferla, aðferðir og kerfi til að greina, meta, stýra og fylgjast með lausafjár- og fjármögnunaráhættu, sbr. 78. gr. h sömu laga.

Mat Fjármálaeftirlitsins á lausafjár- og fjármögnunarpörf fjármálafyrirtækja er mikilvægur hluti könnunar- og matsferlisins, sbr. 2. mgr. 79. gr. laga um fjármálafyrirtæki.¹¹ Matið byggir á þremur þáttum; í fyrsta lagi mati á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu, í

⁹ Guidelines on the management of interest rate risk arising from non-trading activities (EBA/GL/2015/08): <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/1084098/EBA-GL-2015-08+GL+on+the+management+of+interest+rate+risk+.pdf>.

¹⁰ Sbr. einnig reglur nr. 1031/2014 um lausafjárhlutfall o.fl. og reglur nr. 1032/2014 um fjármögnunarlutfall í erlendum gjaldmiðlum.

¹¹ Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands viðhafa reglubundna samvinnu vegna eftirlits með lausafjár- og fjármögnunaráhættu fjármálafyrirtækja á grundvelli samstarfssamnings frá 1. desember 2014. Nálgast má samninginn hér: <http://www.fme.is/media/um-fme/Samstarfssamningur.pdf>.

öðru lagi mati á undirliggjandi lausafjánhættu og í þriðja lagi mati á undirliggjandi fjármögnunaráhættu.

Við mat á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu er meðal annars könnuð lausafjárstefna og lausafjárþolmörk, greining, mæling, stýring og eftirlit og upplýsingagjöf með áhættu, álagspróf, viðbúnaðaráætlanir og fjármögnunaráætlanir.

Við mat á undirliggjandi lausafjánhættu er meðal annars lagt mat á lausafjárþörf til skamms og meðallangs tíma, lausafjánhættu innan dags, lausafjäreignir og svigrúm til mótvægisáðgerða og álagspróf eftirlitsstofnana á lausafjánhættu.

Við mat á undirliggjandi fjármögnunaráhættu er meðal annars lagt mat á samsetningu fjármögnunar, ógn við fjármálastöðugleika vegna samsetningar fjármögnunar, aðgengi að markaði og vænta breytingu á fjármögnunaráhættu með hliðsjón af fjármögnunaráætlun.

Mat Fjármálaeftirlitsins á framangreindum þáttum byggir einkum á leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2010 um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja, innramatsferli fjármálafyrirtækis, sbr. ICAAP-skýrslu og eftir atvikum ILAAP-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum, niðurstöðum vettvangsathugana og öðrum upplýsingum sem kunna að varða lausafjár- og fjármögnunaráhættu og teljast mikilvægar við matið.

Niðurstaða matsins kann að leiða til þess að farið sé fram á bættu stýringu og eftirliti með áhættuþáttum eða aukningu lausafjäreigna.¹² Niðurstaðan kann einnig að leiða til þess að gerð sé krafa um að lengja í gjalddögum, eigið fé verði aukið, skuldbindingar utan efnahags minnkaðar o.fl.

2.5 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir

Í árlegu heildaráhættumati Fjármálaeftirlitsins eru dregnar saman niðurstöður á mati á einstökum áhættuþáttum. Heildaráhættumat er framkvæmt fyrir öll fjármálafyrirtæki óháð því hversu oft og hversu ítarleg greining hefur farið fram á einstökum áhættuþáttum. Í tengslum við heildaráhættumat er gefin heildaráhættumatseinkunn, sbr. nánar kafla 2.6.

Í kjölfar heildaráhættumats og að undangengnu umræðuferli milli Fjármálaeftirlitsins og hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eru viðeigandi eftirlitsaðgerðir ákvarðaðar og fjármálafyrirtækið upplýst um kröfur stofnunarinnar um úrbætur. Með viðeigandi eftirlitsaðgerðum er átt við aðgerðir er varða eiginfjárþörf, lausafjárþörf og aðrar eftirlitsaðgerðir. Krafa um úrbætur felur í sér stjórnvaldsákvörðun, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993, og er hún tilkynnt fjármálafyrirtæki með formlegum hætti.

2.6 Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunnir, sem bæði eru gefnar fyrir einstaka áhættuþætti og heildaráhættumat, eru nýttar í eftirliti Fjármálaeftirlitsins, meðal annars við forgangsröðun verkefna, og teljast þær hluti af áhættumatskerfi stofnunarinnar. Þær hafa ekki bein áhrif á einstaka kröfur

¹² Samkvæmt sérstöku samkomulagi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um framkvæmd lausafjäreftirlits lánastofnana frá 1. desember 2014 gerir stofnunin tillögu til Seðlabankans ef ástæða þykir til að setja sértækar lausafjárkröfur.

Fjármálaeftirlitsins um úrbætur, t.d. kröfu stofnunarinnar um hærri eiginfjárgrunn, og eru ekki birtar einstökum fjármálafyrirtækjum. Einkunnaskali áhættumats er frá einum upp í fjóra, sbr. töflu 2.

Tafla 2: Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunn	Lýsing
1	Lítill áhætta til staðar.
2	Frekar lítill áhætta til staðar í rekstri fjármálafyrirtækis, en möguleiki er til umbóta og mikilvægt að fylgjast með veikleikum í rekstri.
3	Frekar mikil áhætta til staðar í rekstri fjármálafyrirtækis. Nauðsynlegt að beina athygli að hlutaðeigandi fyrirtæki og fara fram á úrbætur.
4	Mikil áhætta í rekstri fjármálafyrirtækis. Nauðsynlegt að grípa inn í og krefjast tafarlausra úrbóta.

Fyrir heildaráhættumat er einnig unnt að gefa einkunnina F, en hún gefur til kynna að fjármálafyrirtæki sé að falli komið eða líklegt til að falla, sem kann að fela í sér ráðstafanir í samræmi við XII. kafla og VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki.

3 Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf

Við mat á áhættuþáttum er tengjast eiginfjárbörf gerir Fjármálaeftirlitið greinarmun á milli tvenns konar áhættu innan stoðar II (e. pillar II):

- Eiginfjárbörf vegna vanmats á undirliggjandi væntri tapsáhættu (e. expected losses) og óvæntrar tapsáhættu (e. unexpected losses) sem ekki er nægjanlega tekið tillit til undir stoð I¹³ miðað við 12 mánaða tímabil (stoð II-A).
- Eiginfjárbörf vegna óþekktrar framtíðaráhættu einkum vegna efnahagslegra þátta sem metnir eru með álagsprófum (stoð II-B).

Samsetning þess eiginfjárgrunns sem fjármálafyrirtæki geta verið krafín um vegna stoðar II, þ.e. skipting á milli eiginfjárbátta, hefur ekki verið lögfest hér á landi og slík ákvæði koma hvorki fyrir í tilskipun 2013/36/ESB né reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRD IV og CRR). Fjármálaeftirlitið miðar við að eiginfjárgrunnur vegna stoðar II skuli samsettur af eiginfjárbáttum í sömu hlutföllum og lágmark hvers þáttar innan stoðar I.¹⁴

¹³ Stoð I er grunnkrafa um eiginfjárgrunn, þ.e. eiginfjárgrunnur sem nemur 8% af áhættugrunni, skv. 1. málsl. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem reiknaður er vegna útlánaáhættu, rekstraráhættu og markaðsáhættu.

¹⁴ Skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er eiginfjárgrunnur samtalan af þremur eiginfjárbáttum: A, B og C (e. tier 1, 2 og 3), að teknu tilliti til frádráttarliða skv. 85. gr. sömu laga. Eiginfjárbáttur A skal aldrei vera lægri en helmingur eiginfjárgrunns fyrir frádrátt skv. 85. gr. laganna. Þá má bæði eiginfjárbáttur B og C aldrei vera hærri en 50% af eiginfjárbætti A. Til eiginfjárbáttar A er heimilt að telja viðbótareiginfjárliði, sbr. reglur nr. 1250/2012 um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki. Samkvæmt

3.1 Stoð II-A: Mat á eiginfjárförf

3.1.1 Almenn

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækja nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, sbr. 1. mgr. 84. gr. laganna.¹⁵ Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á eiginfjárförf fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess, sbr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki og 51. gr. reglna nr. 215/2007. Matið fer fram í svonefndu innramatsferli og skal fjármálafyrirtæki gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu þegar eftir því er óskað í svonefndri ICAAP-skýrslu.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á áhættuþætti sem tengjast eiginfjárförf fjármálafyrirtækja, sbr. 79. og 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 52. gr. reglna nr. 215/2007 og viðauka XI við tilskipun 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, sbr. 55. gr. A reglnanna. Við mat Fjármálaeftirlitsins liggja einkum til grundvallar upplýsingar sem fram koma í ICAAP-skýrslu, ársreikningi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og reglubundnum gagnaskilum þess. Þá aflar Fjármálaeftirlitið upplýsinga í vettvangsathugunum, á fundum sem haldnir eru með fulltrúum fjármálafyrirtækisins um afmarkaða áhættuþætti og með öðrum samskiptum við fyrirtækið.

Mat Fjármálaeftirlitsins leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til séu nægjanlegar, hvort stjórnun sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að mæla fyrir um:

- a. hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni,
- b. endurbætur á innri ferlum,
- c. niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni,
- d. hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, og
- e. að dregið sé úr áhættuþáttum sem starfsemi þess felur í sér.

Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið komið athugasemdum og ábendingum á framfæri í samræmi við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið mæli fyrir um hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni er sú ákvörðun grundvöllur hins nýja lágmarks eiginfjárhlutfalls sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki ber að fullnægja, þ.e. lágmarkskröfu stofnunarinnar um eiginfjárgrunn.

reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem tekið hefur gildi innan Evrópusambandsins, er eiginfjárgrunninum skipt í tvo þætti. Annars vegar þátt 1 (e. tier 1) og hins vegar þátt 2 (e. tier 2). Þáttur 1 skiptist svo í tvo hluta: a) Almenn eigið fé undir þætti 1 (e. common equity tier 1, eða CET1) og b) Viðbótar eigið fé undir þætti 1 (e. additional tier 1, eða AT1). Gert er ráð fyrir því að eiginfjárgrunnurinn skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni en jafnframt að þáttur 1 skuli að lágmarki vera 6%. Þar af skal 4,5% samanstanda af almennu eigin fé undir þætti 1, sbr. ákvæði 92. gr. CRR. Samkvæmt frumvarpsdrögum til innleiðingar á CRD IV og CRR hér á landi er gert ráð fyrir ákvæðum sem fela í sér að eiginfjárgrunnur stoðar II verði að lágmarki 56,25% almenn eigið fé undir þætti 1 (CET1).

¹⁵ Áhættugrunnur fjármálafyrirtækja er samtala veginna áhættuþátta (svo sem útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu gjaldmiðlaáhættu, rekstraráhættu o.s.frv.) sem starfsemin felur í sér. Sjá nánar 2. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Með það að markmiði að auka gæði mats Fjármálaeftirlitsins á áhættupáttum sem tengjast eiginfjárförf fjármálafyrirtækja hefur stofnunin sett eigin viðmið fyrir undirlíði áhættupátta. Í tengslum við mat á áhættupáttum leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að fjármálafyrirtæki taki almennt ekki upp viðmið stofnunarinnar sem sín eigin heldur þrói eigin ítarlegri viðmið við mat á undirliggjandi áhættu. Ef Fjármálaeftirlitið telur viðmið fjármálafyrirtækis viðunandi er mat fjármálafyrirtækis á eiginfjárförf látið standa óbreytt. Telji Fjármálaeftirlitið að viðmið fjármálafyrirtækis séu ekki fullnægjandi eða viðeigandi¹⁶ byggir stofnunin mat sitt á eiginfjárförf fjármálafyrirtækis á eigin viðmiðum. Slík niðurstaða er ekki ætluð sem grundvöllur að eigin áhættumati fjármálafyrirtækis fyrir undirliggjandi áhættu heldur er brýnt að fyrirtækið framkvæmi eigið mat á þeim áhættupáttum sem eru í rekstri þess með fullnægjandi hætti.

Í mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárförf fjármálafyrirtækis er ekki tekið tillit til áhættudreifingar og hugsanlegra áhrifa milli einstakra áhættupátta (e. inter-risk diversification), svo sem á milli útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Á hinn bóginn er í matinu tekið tillit til áhættudreifingar og áhrifa milli einstakra undirpátta áhættupátta (e. intra-risk diversification), til dæmis áhættudreifingar og áhrifa milli gjaldmiðlaáhættu og vaxtaáhættu eða, eftir atvikum, verðtryggingaráhættu vegna markaðsáhættu.

3.1.2 Lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn

Með lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn (e. total SREP capital requirement) gagnvart fjármálafyrirtæki er átt við samtöluna af grunnkröfu um eiginfjárgrunn (e. minimum capital requirement), þ.e. eiginfjárgrunnur sem nemur 8% af áhættugrunni, skv. 1. másl. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki og viðbótareiginfjárförf að mati stofnunarinnar. Byggir eiginfjárfrafan á heimild í a-lið 1. mgr. 84. gr. laganna sem kveður á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt, til að fylgja eftir kröfum sínum, að mæla fyrir um hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni. Sé slík ákvörðun tekin af hálfu Fjármálaeftirlitsins ber fjármálafyrirtækinu að hafa á hverjum tíma nægjanlegan eiginfjárgrunn til að mæta þeirri kröfu.

3.2 Stoð II-B: Eiginfjárviðmið á grundvelli framtíðaráhættu og álagsprófa

Stoð II-B grundvallast á framtíðaráhættu og byggist á mati Fjármálaeftirlitsins á niðurstöðum álagsprófa sem framkvæmd eru af eftirlitsstofnunum á fjármálafyrirtæki (e. supervisory stress testing) og á niðurstöðum álagsprófa sem fjármálafyrirtæki framkvæmir á grundvelli eigin viðskiptalíkans.¹⁷ Í álagsprófunum er notast við sviðsmyndir sem fela í sér verulegt en mögulegt efnahagsáfall (e. severe but plausible scenario). Sjálfstæð eiginfjárfrafa vegna stoðar II-B er eingöngu gerð fyrir mismun eiginfjárviðmiðs undir stoð II-B og samanlagðrar kröfu um eiginfjárfrauka, að undanskildum sveiflujöfnunarauka.

¹⁶ Með *fullnægjandi* er átt við hvort að aðferðafræðin sé tölfræðilega traust eða skynsamleg. Með *viðeigandi* er átt við hvort aðferðafræðin nái til þeirra áhættuvalda sem skipta mestu máli hverju sinni.

¹⁷ Sbr. til hliðsjónar leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2015 um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja.

3.3 Eiginfjáráukar

Skv. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki til viðbótar við lágmark eiginfjárgrunns viðhalda eiginfjáráukum í samræmi við 84. gr. b – 84. gr. e:¹⁸

1. Eiginfjáráuka vegna kerfisáhættu (e. systemic risk buffer)
2. Eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki (e. capital buffer for other systemically important institutions, eða O-SII buffer)
3. Sveiflujöfnunarauka (e. countercyclical capital buffer)
4. Verndunarauka (e. capital conservation buffer)

Fjármálaeftirlitinu er annars vegar skylt að kveða á um eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, að undangengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs og hins vegar heimilt að kveða á um eiginfjáráuka vegna kerfisáhættu og sveiflujöfnunarauka, að undangengnum tilmælum ráðsins, en verndunaraukinn bætist við eiginfjárkröfur tiltekinna fjármálafyrirtækja án tilmæla fjármálastöðugleikaráðs og sérstakrar ákvörðunar stofnunarinnar.

3.4 Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár

Fullnægi fjármálafyrirtæki ekki heildarkröfu um eiginfjárgrunn (e. overall capital requirement), þ.e. lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn að viðbættum eiginfjáráukum, sbr. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, takmarkast ráðstöfun hagnaðar og útgreiðsla arðs og kaupauka, sbr. reglur nr. 1270/2015 um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjáráuka, auk þess skal stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis senda stofnuninni áætlun um verndun eigin fjár skv. 84. gr. f.


Í 4. mgr. 84. gr. b laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að uppfylli fjármálafyrirtæki ekki kröfur um að viðhalda nægjanlegu eigin fé vegna eiginfjáráuka vegna kerfisáhættu og takmarkanir á útgreiðslum skv. 6. mgr. 84. gr. a eru ekki taldar duga til þess að styrkja eiginfjárgrunn fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi aðgerða gagnvart fyrirtækinu:

1. Afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta skv. 10. tölul. 1. mgr. 9. gr.
2. Mælt fyrir um kröfur skv. a–e-lið 1. mgr. 84. gr.
3. Aukið kröfur til fjármálafyrirtækis, enda sé um að ræða annars konar fjármálafyrirtæki en þau sem hafa starfsleyfi skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr., um að viðhalda lausu fé og/eða auknu hlutfalli þess.
4. Óskað eftir því við Seðlabanka Íslands, í þeim tilvikum þar sem um ræðir fyrirtæki með starfsleyfi skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr., að kröfur til fjármálafyrirtækisins um að viðhalda lausu fé og hlutfalli þess verði auknar.

Uppfylli fjármálafyrirtæki ekki lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn, þ.e. eiginfjárgrunn sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. 1. másl. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og viðbótareiginfjárbörf að mati stofnunarinnar, sbr. a-lið sama máslíðar, hefjast hefðbundnar upphafsáðgerðir vegna ónógs eigin fjár, sbr. 86. gr. sömu laga. Í því felst

¹⁸ Til eiginfjáráuka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til eiginfjárpáttar A skv. 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

að fjármálafyrirtæki getur haft samkvæmt nánari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins allt að 6 mánuði til að auka eiginfjárgrunn sinn. Takist það ekki skal starfsleyfi fyrirtækisins afturkallað skv. 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki og þá kann beiting ákvæða XII. kafla og VI. ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum að koma til álita.



Mynd 2: Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og samsetning hans, þ.m.t. uppröðun eiginfjáruka.

* Á einungis við ef stoð II-B er hærra en samanlögð krafa um eiginfjáruka, að undanskildum sveiflujöfnunarauka.